

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf
Brynjólfur Guðmundsson
Víkurbraut 13
230 Keflavík

2003030093
2000; 9310

Reykjavík, 11. september 2003
/--

Efni: Sjóvarnargarður yfir Njarðvík, Reykjanesbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Suðurnesja fyrir hönd Reykjanesbæjar dags. 14. júlí 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt bygging sjóvarnargarðs yfir Njarðvík, Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Álit Reykjanesbæjar fylgdi erindi Verkfræðistofu Suðurnesja.

Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. júlí 2003, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 13. ágúst 2003, Siglingastofnun með bréfi dags. 17. júlí 2003 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 12. ágúst og 5. september 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 2. september 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að byggja tvo samtals um 740 m langa sjóvarnargarða utan við Njarðvíkurleirur og verði um 175 m breið sjórás á milli garðanna. Gert sé ráð fyrir að vestari garðurinn verði 7,5 m hár og 33 m breiður en sá austari 5,0 m hár og 26 m breiður. Göngustígur verði á um 6 m breiðri fyllingu innan við sjóvarnargarðana og gert sé ráð fyrir þrepum upp á útsýnispalla á krónu garðanna á nokkrum stöðum og göngubrú yfir sjórásina. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 sé gert ráð fyrir tengibraut yfir Njarðvík á fyrirhuguðum sjóvarnargarði en ekki sé fyrirhugað að ráðast í umrædda vegtengingu við fyrirhugaðar framkvæmdir. Grjót og kjarnaefni í sjóvarnargarðinn, samtals um 67.000 m³, verði tekið úr námu á iðnaðarsvæði í Helguvík. Fram

kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að verja útivistarsvæðið á Fitjum og fyrirhugað Víkingaland og naust fyrir flóðatjóni og landbroti og að staðsetning garðanna sé valin til að tryggja að heildarmynd svæðisins haldist og leiran verði ekki klofin frá Fitjum og Víkingalandi með sjóvörn.

Fram kemur að í Njarðvík séu mestu leirur á Suðurnesjum. Leirurnar séu mishæðóttar og álar eða farvegir liggi á milli smáhæða en að jafnaði séu þær í um 2 m hæð næst fjörukambi og um 0,8 m hæð við mörk leiru og sjávar. Í um 5 m hæð ofan leiranna, bak við gróinn fjörukamb, taki við fitjar með tjörnum og áhugaverðu gróðurfari. Innan þeirra, við Stekkjarkot og norður með strönd Innri-Njarðvíkur, sé mólendi ríkjandi. Tekin hafi verið 2 snið árið 1975 til athugunar á gróðri og dýralífi á fitjum og fjörum við Njarðvík á vegum Líffræðistofnunar Háskólans en skýrsla hafi ekki verið gefin út. Að öðru leyti sé ekki vitað til að gerð hafi verið rannsókn á gróðurfari við Njarðvík. Fram kemur að leirurnar ali hundruð fugla m.a. vaðfugla og margar tegundir máva og sé hvergi meira af sílamávi á norðanverðum skaganum. Ennfremur séu fitjarnar vinsæll baðstaður fugla. Töluvert af gögnum liggi fyrir um fuglalíf á leirunum og fitjunum en ekki hafi verið unnin skýrsla úr þeim gögnum. Fram kemur að með opinni sjórás verði tryggt hámarksflóð- og fjörurennslu og að hraði sjávar í gegnum sjórásina verði ávallt minni en sem nemi um 0,12 m/s. Því verði röskun á sjávarföllum innan við garðana hverfandi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Siglingastofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í ljósi nánari gagna séu ekki líkur á að fyrirhuguð framkvæmd muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á sjávarfitjar, sjaldgæfar tegundir fitjagróðurs, leirur og fuglalíf á svæðinu.

Verndargildi

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skuli sjávarfitjar og leirur njóta sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Stofnunin bendir á að í skýrslu um náttúrufar, minjar og landnýtingu á Suðurnesjum frá 1986 sé lagt til að fitjar og leirur við Njarðvík verði friðlýstar. Að mati Umhverfisstofnunar hafi leirur í Njarðvík hátt verndargildi og því mikilvægt að þeim verði ekki raskað. Æskilegt sé að stuðlað verði að verndun svæðisins sbr. skilgreiningu í staðfestu aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 þar sem fitjar og leirur í Njarðvík séu skilgreindar sem "náttúruminjar, verndaðar með skipulagi".

Fuglalíf, gróður og vatnsskipti

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að þar sem sífellt gangi á leirur á landinu vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegna uppfyllinga, hafi þau svæði sem enn séu eftir óröskuð sífellt meira gildi fyrir fuglalíf. Stofnunin telji að sérstaða svæðisins felist fyrst og fremst í sjávarfitjum, leirum og því fuglalífi sem þar er. Fyrirhugaðir sjóvarnargarðar geti haft neikvæð

áhrif á gildi svæðisins fyrir fuglalíf. Stofnunin bendir á að svartbakur sem nýti leiruna við Njarðvík sé á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í yfirvofandi hættu. Þekking á dýralífi Suðurnesja sé gloppótt og æskilegt væri að kanna frekar tiltekna þætti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að sjávarfitjar, þ.e. svæði vaxin háplöntugróðri sem fari undir sjó annað slagið, séu sjaldgæfar hérlendis en þær sé m.a. að finna í Njarðvík. Bent er á að til að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki áhrif á sjávarfitjar í Njarðvík sé nauðsynlegt að aðstæður verði áfram þannig að áhrifa sjávar gæti. Tryggja verði full vatnsskipti í Njarðvík og að ekki verði um að ræða breytingar á sjávarföllum. Stofnunin bendir á að þótt sjávarföll verði nær óbreytt gætu hugsanlega orðið breytingar á straumum og straumhraða vegna þrengingarinnar og einnig á sjávarhæð. Aukinn straumhraði gæti haft áhrif á botn víkurinnar og lífríki, t.d. valdið rofi á botni næst sjórásinni. Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að leita verði álits þar til berra aðila á þessum þætti framkvæmdarinnar og hugsanlegum áhrifum á leirur og sjávarfitjar við Njarðvík. Til að hægt sé að meta hvort líklegt sé að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði að leggja fram upplýsingar um lífríki fjörunnar og gróður á sjávarfitjum, þ.e. tegundafjölbreytni og hvort þar sé að finna sjaldgæfar tegundir. Einnig verði að leggja fram upplýsingar um það hvort fyrirhugaðir sjóvarnargarðar geti haft í för með sér breytingar á straumum, straumhraða og sjávarhæð og þar með haft áhrif á leirur, sjávarfitjar og fuglalíf.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aflað hafi verið frekari upplýsinga hjá sérfræðingum um lífríki fjörunnar og gróður á sjávarfitjum innan við fyrirhugaðan garð einkum með tilliti til tegundafjölbreytni og hvort á svæðinu megi finna sjaldgæfar tegundir. Helstu niðurstöður úr athugun Líffræðistofnunar Háskólans á dýralífi og gróðri á fitjum og fjörum við Njarðvík frá árinu 1975 gefi til kynna að gróður hafi verið óverulegur á leirunni í Njarðvík og fjölbreytni dýrategunda lítil en lífmagn hafi þó verið töluvert. Ekki hafi orðið vart neinna sjaldgæfra tegunda á leirunum. Annað sniðið hafi verið staðsett rétt utan við fyrirhugaðan sjóvarnargarð, en þar hafi fitjum og fjöru nú að mestu verið eytt með uppfyllingu. Sniðið hafi legið um sjávarfitjar með söltum smátjörnum og hafi gróðurfar fitjanna verið fremur fábreytt. Sniðið hafi síðan legið um þangfjörur, þar sem fjölbreytni bæði gróðurs og dýralífs hafi verið mikil en ekki hafi þó fundist neinar sjaldgæfar tegundir. Búast megi við að tegundasamsetning í þangfjörum innan fyrirhugaðs sjóvarnargarðs sé með svipuðum hætti. Fram kemur að í lok ágúst 2003 hafi verið farið í vettvangsskoðun um svæðið til almennrar upplýsingaöflunar um lífríki og til að kanna hvort verulegar breytingar hafi orðið á umhverfi og lífríki svæðisins miðað við athuganir frá 1975. Fram kemur að stærstur hluti fjörunnar á svæðinu séu leirur en á um 20-25 % af flatarmáli fjörunnar sé þanggróður. Þangfjaran sé auðug af tegundum bæði þörungum og dýra og vert sé að viðhalda þessu svæði vegna útivistargildis. Lítið belti með sjávarfitjum sé að finna ofan við lágan fjörubakka en lítilla áhrifa sjávar, hvað gróður varðar, virðist gæta á vatnasvæðinu og við tjarnir ofan fjörunnar og hafi engin seltuáhrif mælst í tjörnunum. Mjög lítið virðist því orðið eftir af eiginlegum sjávarfitjum í Njarðvík. Ítrekað er í svörum að straumhraði sjávar í gegnum op milli fyrirhugaðra garða sé mjög lítil. Straumstefna verði óbreytt frá því sem nú sé, þ.e. inn og út úr víkinni. Fyrirhugaðir sjóvarnargarðar standi á grynna hluta víkurinnar og trúfli því strauma lítið. Opið milli þeirra verði um fjórðungur af heildarlengdinni milli strandlengjunnar á fjöru og staðsett á dýpsta hluta víkurinnar. Af framansögðu sé með nokkurri vissu hægt að fullyrða að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á strauma, straumhraða, og sjávarhæð.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram niðurstöður frekari rannsókna bendi til þess að ekki séu sjaldgæfar tegundir dýra eða plantna innan fyrirhugaðra varnargarða. Ennfremur komi fram nánari upplýsingar um að breytingar á straumum, straumhraða og sjávarhæð verði litlar vegna legu garðanna á grynsta hluta vikurinnar, stórrar sjórásar á milli þeirra yfir dýpsta hluta vikurinnar og ræsum sem tryggi flæði undir garðinn og minnka þannig enn frekar áhrif á sjávarföll. Stofnunin telji að í ljósi nánari gagna séu ekki líkur á að fyrirhuguð framkvæmd muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á sjávarfitjar eða sjaldgæfar tegundir fitjagróðurs né á leirur og þar með fuglalíf á svæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu tveggja um 740 m langra og um 5-7,5 m hárra sjóvarnargarða yfir Njarðvík, Reykjanesbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að í Njarðvík eru mestu leirur á Suðurnesjum og að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrir liggja upplýsingar um lífríki leirunnar og fjörunnar og talsverð gögn eru til um fuglalíf á svæðinu en ekki hefur verið unnin skýrsla úr þeim gögnum. Samkvæmt málsgögnum eru afmörkuð gróðurbelti sjávarfitjungs ofan leirusvæðis í Njarðvík en lítilla áhrifa sjávar á gróður virðist gæta við núverandi aðstæður m.a. mældust engin seltuáhrif í tjörnum á gróðursvæðinu og virðist því mjög lítið eftir að eiginlegum sjávarfitjum í Njarðvík. Skipulagsstofnun telur að með staðsetningu fyrirhugaðra sjóvarnargarða á grynningum utan leirusvæðis og fyrirkomulagi sjórásar milli þeirra verði að öllum líkindum ekki um að ræða veruleg neikvæð áhrif á sjávarfitjar og leirusvæði í Njarðvík og fuglalíf að framkvæmdum loknum. Leirum hefur farið fækkandi á landsvísu og er gildi slíkra svæða eins og í Njarðvík því meira fyrir fuglalíf. Skipulagsstofnun telur því mikilvægt að leirusvæðum verði á engan hátt raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Tryggja þarf að straumhraði um sjórás verði lítill og að aðstæður með tilliti til sjávarfalla innan garðanna breytist ekki miðað við núverandi ástand. Skipulagsstofnun bendir á að efnistaka á iðnaðarsvæði við Helguvík er hluti af framkvæmd samkvæmt leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt I. ákvæði til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging sjóvarnargarða yfir Njarðvík, Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015 og Svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015 og kalla á breytingu á þeim.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. október 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.